

## FUNDARGERÐ

Hluthafafundur einkahlutafélagsins Dalaveitna ehf., kt. 590117-1880 var haldinn þann 19. desember 2019 og hófst kl. 12:30.

Fyrir fundinum liggur eftirfarandi dagskrá:

1. **Setning fundarins, kosning fundarstjóra og fundarritara.**
2. **Breyting á tilgangi félagsins og undirritun nýrra samþykkt.**
3. **Önnur mál.**

### 1. Setning fundar o.fl.

Stjórnarformaður setti fundinn og lagði til að hann tæki að sér fundarstjórn og að Kristján Sturluson framkvæmdastjóri ritaði fundinn. Var það samþykkt samhljóða.

Mætt er á fundinn fyrir hönd eina hluthafa félagsins. Er því mætt fyrir allt hlutafé og öll atkvæði í félaginu.

Með vísan til 5. mgr. 63. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, er fallið frá formreglum 1.-4. mgr. sömu greinar um fundarboðun. Fundurinn er því næst lýstur löglegur og gengið til dagskrár.

### 2. Tillaga um breytingu samþykkt.

Fyrir fundinum liggur tillaga stjórnar um að að breyta tilgangi félagsins og er lagt til að hann verði nú:

„Vinnsla varma og vatns, dreifing og sala afurða fyrirtækisins, ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur þekkingu og búnað fyrirtækisins. Félagið rekur Hitaveituna á Laugum og mun það starfa á grundvelli laga og reglugerðar sem gilda um starfsemi og rekstur hitaveitna. Jafnframt er tilgangur félagsins uppbygging og rekstur ljósleiðaranets í Dalabyggð.“

Þá var gr. 10.1 breytt, m.t.t. þess að meðeigandi að Laugum skuli ávallt hafa rétt til ákveðins magns vatns án endurgjalds.

Einnig var grein 4.1 breytt þannig bætt er inn heimild til að kjósa allt að þrjá varamenn.

Framkomin tillaga var samþykkt. Drög að nýjum samþykktum sem taka mið af framangreindri breytingu voru lögð fram. Drögin voru staðfest og voru samþykktirnar undirritaðar.

### 3. Kosning varamanna.

Varamenn í stjórn voru kjörin: 1. Einar Jón Geirsson, 2. Pálmi Jóhannsson og 3. Ragnheiður Pálsdóttir.


### 4. Önnur mál.

Fundurinn ákvað að veita KPMG ehf. umboð til að tilkynna um ofangreindar breytingar til fyrirtækjaskrár og óska skráningar og leggja fram þau gögn sem til þarf.


Því næst var fundi slitið kl. 12:45.

Dalabyggð, 19. desember 2019.

**Þannig fram farið:**



Skúli Hreinn Guðbjörnsson  
Stjórnarformaður og fundarstjóri



Þuríður Jóney Sigurðardóttir  
Meðstjórnandi